

5. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2017, haldinn 28. september 2017 í Flúðaskóla kl. 14:00. 17. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Ásmundur Lárusson, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri, Margrét Larsen, fulltrúi kennara, Kolbrún Haraldsdóttir mætti til að kynna læsisstefnu. Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs, Jón Bjarnason og Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri boðuðu forföll. Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Framkvæmd umbóta vegna ytra mats**
- 3. Starfsáætlun 2017-2018**
- 4. Læsisstefna**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

Skólahald hefur farið vel af stað og við upphaf skólaárs eru 99 nemendur í skólanum og 32 starfsmenn í 24,25 stöðugildi við skólann skiptast sem hér segir:

Starf	Stjórnun	Kennsla	Námsráðgj.	Húsvaersla	Stuðningsf.	Skólasel	Ritari	Mötun.	ræsting
Stöðug.	2,25	13,8	0,2	0,6	3,2	0,3	0,5	2,1	1,3

Fjölgun stöðugilda, frá því í fyrra, kemur til af því að nú er kominn námsráðgjafi og aukin kennslustundafjöldi vegna nemanda með mjög miklar sérþarfir sem hóf nám við skólann í haust.

Kennarar áttu að mætta til vinnu í skólanum þriðjudaginn 15. ágúst en þar sem

skólahúsnæðið var ekki tilbúið var því frestað til miðvikudagsins 16. ágúst, vikuna á undan voru starfsþróunardagar sem kennarar notuðu til að sækja margvísleg námskeið m.a. á vegum Skólaþjónustunnar.

Við byrjuðum skólaárið með því að fara í grenndarskóginn okkar og taka til hendinni, frábært veður var þennan dag og ýmsu komið í verk.

Sú nýbreytni var nú í ár að við héldum sameiginlegan skógardag með Þjórsárskóla en hugmyndin að því samstarfi kviknaði á sameiginlegum fundi kennara skólanna. Dagurinn var að mestu undirbúinn á sameiginlegum starfsdegi síðastliðið vor.

Nemendur í 10. bekk fóru til Danmerkur 20. ágúst dvöldu þar í 5 daga ásamt tveimur kennurum og tveimur foreldrum. Nú var farið í annan skóla Den Alternantive skole sem er 100 barna einkaskóli fyrir 7. - 10. bekk. Skólinn er staðsettur á gömlum herragarði í útjaðri Hillerød. Bekkurinn sem þau hittu er 9. bekkur, sem samsvarar 10. bekk hér á Íslandi. Stefnt er að því að nemendur úr þeim skóla komi í heimsókn til okkar næsta vor, það fer aðeins eftir fjármögnunarmöguleikum Dananna.

Krakkarnir í 8. bekk fóru í hópeflisferð upp í Helgaskála 25. ágúst og gistu eina nótt. Tveir kennarar fóru með í þá ferð sem þótti sérlega vel heppnuð enda hressir og skemmtilegir krakkar í 8. bekk.

Gönguferð að hausti var að þessu sinni að Kaldbaksvatni og voru margir nemendur að koma upp að Kaldbaki í fyrsta skipti.

Þessa dagana eru samræmd próf í 4. og 7. bekk. Niðurstöður úr þeim koma væntanlega í nóvember.

Stjórnendur hafa setið á vinnufundum vegna nýrrar almannavarnaráætlunar og hefur það verið mjög gagnleg vinna. Almannavarnir stefna á að gefa út fræðsluefni fyrir nemendur grunn- og leikskóla og koma með fræðslu inn í skólana. Þá er fyrirhugað að Rauða Krossinn haldi námskeið fyrir starfsfólk skólans, vegna þess að skólinn er fjöldahjálparstöð og því þurfum við að vita hvert hlutverk okkar er ef til þess kemur að virkja þurfi hana.

Stjórnendur eru að fara í næstu viku á ráðstefnu hjá Microsoft í London til að læra betur á office 365 og þá nýju þætti sem þar er boðið upp á eins og t.d. Team.

2. Framkvæmd umbóta vegna ytra mats

Skólastjóri lagði fram til kynningar bréf sem sent verður til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna framkvæmda umbóta sem áætlaðar voru í Flúðaskóla skólaárið 2016 - 2017 í kjölfar úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytis vorið 2016.

3. Starfsáætlun 2017-2018

Starfsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018 lögð fram. Starfsáætlunin er staðfest af

skólanefnd.

4. Læsisstefna

Læsisstefna Hrunamannahrepps fyrir leikskólann Undraland og Flúðaskóla lögð fram til kynningar.

5. Önnur mál

A) Fundartími skólanefndar:

Ákveðið var að fundartímar skólanefndar í Flúðaskóla verði að jafnaði seinasta fimmtudag í mánuði kl 14:00

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:45